



Fundur háskólaráðs 12. apríl 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 04.04.2007
Dags: 12.04.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

07/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 12. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Tómas Geirsson (varamaður Þórdísar Kristmundsdóttur), Rúnar Vilhjálmsson og Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur). Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Staða mála.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og tíma- og verkáætlun um vinnuna framundan. Málið var rætt og svaraði rektor framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Staða mála.

Inn á fundinn kom Steinunn Halldórsdóttir, nýráðinn verkefnisstjóri sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, og buðu rektor og ráðsmenn hana velkomna til starfa. Steinunn gerði stuttlega grein fyrir vinnu við undirbúning verkáætlunar og svaraði spurningum.

1.3 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Miðstöð framhaldsnáms. Endurskoðuð tillaga eftir umfjöllun í háskólaráði (1. mars sl.) og á háskólafundi (16. mars sl.).

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Tillaga gæðanefndar samþykkt einróma og nefndinni falið að ganga frá henni með hliðsjón af framkomnum athugasemdum á fundinum. Jafnframt er gæðanefnd falið að undirbúa fyrir háskólaráð tillögur að reglum um Miðstöð framhaldsnáms.

1.4 Hugmyndir frá kennslumálanefnd og gæðanefnd um almennar aðgerðir til að bæta einkunnaskil kennara, sbr. fund ráðsins 1. mars sl.

Rektor kynnti málið og var það rætt ítarlega. Lýstu ráðsmenn ánægju sinni með hugmyndir kennslumálanefndar og gæðanefndar.

- Samþykkt að fela kennslumálanefnd og gæðanefnd að undirbúa í samráði við Lagastofnun formlegar tillögur um verklag og viðurlög við því að einkunnum sé ekki skilað innan settra tímamarka.

1.5 Fjárhagsáætlanir deilda 2007.

Inn á fundinn kom Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, og gerði grein fyrir framlögðum fjárhagsáætlunum deilda og annarra starfseininga Háskóla Íslands fyrir árið 2007. Málið var rætt ítarlega og svaraði Sigurður spurningum ráðsmanna.

- Háskólaráð samþykkir framlagðar fjárhagsáætlanir. Jafnframt samþykkir ráðið að þeim deildum og starfseiningum Háskólans sem fara framúr fjárveitingu 2007 verði skylt að gera ráð fyrir samsvarandi tekjuafgangi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 eigi þær ekki tekjuafgang frá fyrri árum til að mæta hallanum. Jafnframt er fjármálanefnd falið að gera áætlun um hvernig deildir og aðrar starfseiningar muni vinna á uppsöfnuðum halla frá fyrri árum.

1.6 Skipulag og framkvæmdir á háskólalóð.

Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, og gerði rækilega grein fyrir málinu. Rætt var um að sett verði á laggirnar skipulags- og bygginganefnd, m.a. til að samhæfa þau fjölmörgu byggingarverkefni sem framundan eru. Málið verður áfram á dagskrá ráðsins.

1.7 Asísk fræði. Konfúsíusarstofnun, Fudan háskóli og samvinna við Háskólann á Akureyri um Asíuver og nám í kínversku.

Rektor skýrði frá málinu og var það rætt ítarlega.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Skipan tveggja fulltrúa Háskóla Íslands og tveggja til vara í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Samþykkt einróma að fulltrúar Háskóla Íslands í samstarfsnefndinni verði þau Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, og Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum, tilnefnd af hugvísindadeild. Varafulltrúar verði Terry A. Gunnell, dósent í þjóðfræði, og Valdimar Tr. Hafstein, lektor í þjóðfræði.

b. Tilnefning eins fulltrúa Háskóla Íslands og annars til vara í stjórn Flugkerfa hf. Árskýrsla 2006 lögð fram.

- Samþykkt einróma að tilnefna Ebbu Þóru Hvannberg, prófessor í tölvunarfræði, og til vara Gunnlaug H. Jónsson, innri endurskoðanda Háskólans, sem fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Flugkerfa hf. Helgi Þorbergsson, fulltrúi raunvísindasviðs, vék af fundi meðan afgreiðsla málsins fór fram.

c. Skipun tveggja fulltrúa í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun.

- Samþykkt einróma að Þórir Ibsen, skrifstofustjóri auðlinda- og umhverfisskrifstofu utanríkisráðuneytisins, taki sæti Gunnars Pálssonar, sendiherra, og Ellý Katrín Guðmundsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, taki sæti Sigurjóns Þ. Árnasonar, bankastjóra Landsbankans í stjórn Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun.

d. Tilnefning fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn undirbúningsfélags um háskólastarfsemi á Keflavíkflugvelli.

- Samþykkt einróma að fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn undirbúningsfélagsins verði

þau Þorsteinn Ingi Sigfússon, prófessor í eðlisfræði, Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræði, Jón Atli Benediktsson, prófessor í verkfræði, þróunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors og Sigurður M. Garðarsson, dósent í verkfræði.

2.2 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

- a. Tillaga hjúkrunarfræðideildar að breytingu á reglum um meistaranám við deildina nr. 239/2004. Greinargerð um málið lögð fram.**
- Samþykkt einróma.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Samningur menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um menntun tannsmíða.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.30.